

XIX. SEMIKOMMA

113

Í stað punkts má setja semikommu milli málsgreina ef málsgreinarnar eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar.

Það hefur verið mikið ónæði hérna í dag; mér hefur því ekki tekist að ljúka verkefninu. Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.

114

Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.

Verslunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn og aðra hreinlætisvöru. Hiti sjúklingsins var 39,6; 38,7; 37,9; 36,9.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.